



Leiðbeiningar fyrir **forsetaframbjóðendur** í aðdraganda kosninga

Forsetakosningar fara fram þann 1. júní næstkomandi. Í ljósi þess hafa **Fjölmiðlanefnd**, **Fjarskiptastofa** og **Persónuvernd**, í samstarfi við **landskjörstjórn** og **Ríkislögreglustjóra** sett saman eftirfarandi leiðbeiningar fyrir frambjóðendur til forsetakjörs um rétt einstaklinga til réttra upplýsinga, friðhelgi og persónuverndar, er frambjóðendur kynna sig og áherslur sínar. Þá geta leiðbeiningarnar einnig nýst almenningi til upplýsinga um þau lög og reglur sem gilda í aðdraganda kosninga.



FJÖLMIÐLANEFND
ICELANDIC MEDIA COMMISSION

Framlag Fjölmiðlanefndar vegna sameiginlegra leiðbeininga til frambjóðenda í aðdraganda forsetakosninga.

Fjölmiðlar eru sérstaklega mikilvægir í aðdraganda lýðræðislegra kosninga og gegna lykilhlutverki við að veita almenningi hlutlægar fréttir og upplýsingar vegna hinnar lýðræðislegu ákvarðanatöku.

- Fjölmiðlar skulu gæta að hlutlægni og nákvæmni í fréttum og fréttatengdu efni.
- Fjölmiðlar skulu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og standa vörð um tjáningarfrelsi.

Ríkari skyldur eru lagðar á Ríkisútvarpið en aðra fjölmiðla í aðdraganda kosninga.

- Ríkisútvarpið skal kynna framboð til almennra kosninga, helstu stefnumál framboða, frambjóðenda og fylkinga eftir atvikum og greina ítarlega frá niðurstöðum kosninga.
- Ríkisútvarpið skal ábyrgjast að sanngirni og hlutlægni sé gætt í frásögn, túlkun og dagskrárgerð, leitað sé upplýsinga frá báðum eða öllum aðilum og sjónarmið þeirra kynnt sem jafnast.

Auglýsingar og kostað efni skal vera merkt auglýsanda eða ábyrgðarmanni. Heimilt er að sekta frambjóðendur, ef þeir taka þátt í að fjármagna eða birta efni eða auglýsingar í tengslum við stjórnmalabaráttu, án þess að fram komi við birtingu að efni sé birt að tilstuðlan eða með þátttöku þeirra.

- Í auglýsingasafni Meta ([Ad library](#)) er hægt að fletta upp auglýsingum og fá upplýsingar um þær. Safnið nær til allra auglýsinga á facebook og Instagram.

Til frekari upplýsinga sjá [heimasíðu Fjölmiðlanefndar](#).



Fjaraskiptastofa hefur litið svo á að það geti talist til markaðssetningar að koma á framfæri og kynna hlutverk, hugmyndir og starfsemi aðila, svo sem þegar stjórnmalaflokkar eða einstaka framboð setja sig í samband við einstaklinga til að kynna sjónarmið sín eða óska eftir stuðningi. Því vekur stofnunin athygli á eftirfarandi:

- Í 94. gr. fjaraskiptalaga nr. 70/2022 er að finna ákvæði sem ætlað er að vernda notendur fyrir ágangi aðila sem hyggjast nýta fjaraskipti sem lið í markaðssetningu.
- Það er óheimilt að senda rafræn skilaboð, svo sem tölvupósta eða sms-skeyti, í markaðslegum tilgangi nema viðtakandi hafi gefið fyrirfram samþykki sitt fyrir slíku.
 - ▶ Varðveita þarf samþykki móttakanda sem fjaraskiptin byggja á.
- Bannmerking í símaskrá gildir einungis um símtöl. Skytt er að virða slíkar merkingar.
 - ▶ Bannmerkingar er að finna á vefsíðum ja.is og 1819.is
- Mikilvægt er að uppfæra úthringi- og útsendingarlista reglulega.
- Endanotendur eiga ætíð rétt á að fá að vita hvaðan upplýsingar um þá koma sem liggja úthringingu til grundvallar.
- Fjaraskiptin eru ávallt á ábyrgð þess aðila sem ákveður að markaðssetja sig með þeim hætti.
- Fjaraskiptastofa getur mögulega lagt sektir á aðila vegna óumbeðinna fjaraskipta ef brot eru mikil eða ítrekuð.

Á vef Fjaraskiptastofu má finna nánari upplýsingar um [hvaða reglur gilda um óumbeðin fjaraskipti](#).

Þegar frambjóðendur nota persónuupplýsingar kjósenda í markaðssetningu, ekki síst á samfélagsmiðlum, bera þeir ábyrgð á að sú vinnsla persónuupplýsinga samrýmist lögum nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, og reglugerð (ESB) 2016/679. Með hliðsjón af þeim kröfum sem persónuverndarlöggjöfin gerir beinir Persónuvernd eftirfarandi leiðbeiningum til frambjóðenda:

Vegna notkunar þeirra á persónuupplýsingum kjósenda í þágu markaðssetningar (svo sem með útsendingu auglýsinga- og tölvupósts, símhringingum og hliðstæðum aðferðum), að:

- Ganga úr skugga um að heimilt sé að nota persónuupplýsingar kjósenda, t.d. nöfn, símanúmer, heimilisföng og netföng, í þessum tilgangi.
- Öll skilaboð, hvort sem þau eru send með tölvupósti eða öðrum hætti, beri skýrt með sér hvaðan þau koma og gefi raunverulegan kost á einfaldri leið fyrir kjósendur til að andmæla vinnslunni.
- Andmæli kjósenda við frekari markpósti eða -símtölum verði virt, óháð því hvort viðkomandi sé skráður á bannskrá Þjóðskrár.

Vegna notkunar þeirra á samfélagsmiðlum, að þeir:

- Merki auglýsingar þannig að fram komi hver kosti þær.
- Merki auglýsingar þannig að skýrt sé að þær séu vegna kosninga.
- Geri auglýsingar svo úr garði að notendur samfélagsmiðla séu leiddir með einföldum hætti inn á vefsíður frambjóðenda þar sem verði að finna aðgengilega og skýra fræðslu um hvaða persónuupplýsingar unnið er með, hvernig þær eru notaðar og í hvaða tilgangi. Einnig verði þar að finna leiðbeiningar um hvernig notendur samfélagsmiðla geta leitað til frambjóðenda um nánari skýringar og hvernig þeir geta nýtt andmælarétt sinn.
- Forðist að nota aðferðirnar „Eigin markhópar“ (e. custom audiences) og „Líkindamarkhópar“ (e. lookalike audiences) á Facebook – en noti fremur almenna markhópa, svo sem á grundvelli staðsetningar, kyns og aldurs.
- Forðist að nota afleiddar persónuupplýsingar, þ.e. þær sem eru ráðnar af virkni og hegðun notenda á samfélagsmiðlum, svo sem því sem notendur líka við, deila eða hafa áhuga á.
- Noti ekki persónusnið til að hvetja einstaklinga til að nýta ekki kosningarétt sinn.

Að lokum bendir Persónuvernd á ítarlegri leiðbeiningar stofnunarinnar til forsetaframbjóðenda, sem og á [álit hennar nr. 2020010116 um notkun stjórn málasamtaka á samfélagsmiðlum fyrir kosningar til Alþingis](#), þar sem settar eru fram leiðbeiningar og tillögur um notkun persónuupplýsinga á samfélagsmiðlum í tengslum við kosningar til að tryggja að farið sé að persónuverndarlögum.